

REGLUR
um númer, númeraraðir og vistföng á sviði fjarskipta.

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið þessara reglna og skipulags um notandanúmer er að kveða á um skilvirka úthlutun númera fyrir mismunandi þjónustu. Skipulaginu er í fyrsta lagi ætlað að tryggja fjarskiptafyrirtækjum aðgang að númerum fyrir notendur sína og tryggja hverjum notanda númer sem tengist honum einum og gerir öðrum kleift að beina til hans fjarskiptaboðum. Í öðru lagi er skipulaginu ætlað að stuðla að öryggi fjarskipta landsins, rekstraröryggi og samstæði neta og að númer og kóðar séu fánleg fyrir samtengingu neta.

2. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar ná til úthlutunar og notkunar númera, númeraraða, kóða og vistfanga, sem notuð eru í fjarskiptaþjónustu og við samtengingu fjarskiptaneta. Reglurnar ná til aðila sem fengið hafa úthlutað númerum af Fjarskiptastofu skv. lögum nr. 70/2022, um fjarskipti.

3. gr.
Skilgreiningar.

Vísað er til skilgreininga í fjarskiptalögum en auk þeirra hafa eftirfarandi orð sérstaka merkingu:

Almenn upplýsingaveita: Starfsemi sem felst í upplýsingagjöf í gegnum síma um vörur og/eða þjónustu. Upplýsingar eru almennt veittar öllum notendum talsímaþjónustu er þess óska og aðilum, sem bjóða vörur eða þjónustu í þeim flokkum sem upplýsingaveitan veitir upplýsingar um, stendur þjónusta hennar til boða án mismununar.

Flökkunúmer (óstaðbundin símanúmer): Númer þar sem upphafsstaður er ekki skilgreindur fyrirfram sem heimilisfang heldur sem vistfang (IP tala) á Internetinu. Notandi getur því efnt til uppkalls nánast hvar sem er í heiminum þar sem tenging við Internetið er fyrir hendi og notað til þess ýmsan búnað eins og t.d. síma eða tölvu.

Forskeyti: Númer sem notandi verður að velja á undan símanúmeri til þess að fá aðgang að þjónustuveitanda.

Landsnúmer: Númer eða kóði 1-, 2ja- eða 3ja-stafa sem Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) hefur úthlutað í samræmi við tilmæli E.164.

Neyðarnúmer: Númer sem eingöngu skal nota til að tilkynna um slys eða biðja um neyðar-hjálp.

Notandanúmer: Númer sem áskrifendur fjarskiptaþjónustu fá úthlutað hjá fjarskiptafyrirtæki vegna tengingar við fjarskiptanet þeirra og hægt er að hringja í eða nota til að sækja fjarskiptaþjónustu frá þjónustuveitendum.

Nýtingarstuðull: Hlutfall þeirra númera sem eru í virkri notkun af heildartölu úthlutaðra númera viðkomandi fjarskiptafyrirtækis.

Útlandaforskeyti: Númerið 00 sem notandi verður að velja á undan landsnúmeri til að fá aðgang að útlandaþjónustu.

Yfirgjaldsþjónustunúmer: Númer þar sem veitt er þjónusta sem ber hærra gjald en almenn símaþjónusta vegna virðisaukandi þátta sem bætast við fjarskiptaþjónustuna.

Þjónustunúmer: Fjögurra stafa númer sem veitir aðgang að þjónustu sem tengist fjar-skipta-þjónustu fjarskiptafyrirtækis.

Þjónustuveitandi: Seljandi almennrar fjarskiptaþjónustu sem hefur almenna heimild til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu.

II. KAFLI

Almennt um skipan númeramála og umsóknir um númer.

4. gr.

Almennt.

Skipan númeramála samkvæmt þessum reglum byggir m.a. á reglum og tilmælum Alþjóða-fjarskiptasambandsins (ITU) um númer í alþjóðatalsíma og vistföng í gagna-flutnings-netum. Þar er m.a. kveðið á um hámarkslengd númera og um lands- og netkóða. Þar að auki skulu ýmis forskeyti og þjónustunúmer vera í samræmi við tilskipanir ESB, sem lögleiddar hafa verið hér á landi.

Í allri fjarskiptaþjónustu sem sækir skipulag númera og vistfanga til tilmæla ITU skal ein-göngu nota númer, kóða og vistföng sem Fjarskiptastofa hefur úthlutað.

Fjarskiptastofa setur fram og uppfærir heildarskipulag á númerum fyrir mismunandi þjónustu og ramma um vistföng í fjarskiptanetum.

Landskóðinn (354) í íslensku númeraröðinni er ætlaður sem auðkenni sem gefa á til kynna ákvörðunarstað símtals.

Úthlutun kóða, númera og númeraraða felur í sér heimild til afnota, en leiðir ekki til eignarréttar eða varanlegs umráðaréttar á númerum eða númeraröðum.

5. gr.

Umsóknir.

Fyrirtæki sem reka fjarskiptanet og/eða veita fjarskiptaþjónustu og starfa samkvæmt almenntri heimild á grundvelli 6. gr. laga nr. 70/2022, um fjarskipti, og óska eftir númerum eða kóðum til að nota í fjarskiptaþjónustu, skulu sækja um slíkt til Fjarskiptastofu á þar til gerðu eyðublaði. Í umsókn skal eftirfarandi m.a. koma fram:

- a) Heiti, kennitala og heimilisfang viðkomandi fjarskiptafyrirtækis og nafn, símanúmer og netfang tengiliðs ef það á við.
- b) Skilgreining á þeirri þjónustu sem veita á í númerunum.
- c) Fjöldi notenda í viðkomandi þjónustu.
- d) Lengd númeraraðar/raða sem óskað er eftir.
- e) Fjöldi notenda sem reiknað er með að bætist við á næsta heila ári.
- f) Ef sótt er um númer og kóða fyrir samtengingu neta skal eftirfarandi jafnframt koma fram í umsókninni:
 - i. Heiti neta sem á að samtengja.
 - ii. Í hvaða neti númerið er hýst.
 - iii. Samtengistaður/staðir.
 - iv. Gjaldtökuaðferð fyrir þjónustuna.

Fjarskiptastofa getur ákveðið að úthlutun einstakra stuttnúmera fari fram að undangengnu útboði.

Fjarskiptastofa úthlutar fjarskiptafyrirtækjum númeraröðum eftir þörfum þeirra, að svo miklu leyti sem heildarskipulag númera leyfir, sbr. 7. gr. Við úthlutun skal miðað við þarfir fyrirtækisins næsta heila árið, en lengur ef nægjanlegt svigrúm er til þess að mati stofnunarinnar.

III. KAFLI

Almenn skilyrði fyrir úthlutun númera og skipulag númera.

6. gr.

Almenn skilyrði fyrir úthlutun númera og númeraraða.

Úthlutun er háð því að umsækjandi eigi eða hafi til umráða símsstöð sem rekin er hér á landi og uppfylli skilyrði til að gera samtengisamning við a.m.k. eitt starfandi fjarskiptafyrirtæki.

Ef umsækjandi hefur áður fengið úthlutað númerum getur Fjarskiptastofa tekið mið af fyrri nýtingu umsækjanda við mat á því hvort úthluta eigi númerum. Jafnframt getur stofnunin tekið mið af fylgni umsækjanda við lög og reglur á fjarskiptamarkaði.

Úthlutað númer fyrir tal- og farsímaþjónustu má eingöngu nota í fjarskiptaþjónustu á Íslandi. Í því felst m.a. eftirfarandi:

- a) Fjarskiptafyrirtæki sem óskar eftir að fá númerum úthlutað samkvæmt reglum þessum skal hafa staðfestu á Íslandi og almenna heimild til reksturs fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets samkvæmt fjarskiptalögum.
- b) Starfsemi fjarskiptafyrirtækis sem og öll lögskipti sem leiða af notkun númera sem Fjarskiptastofa úthlutar samkvæmt fjarskiptalögum og reglum þessum skulu lúta íslenskum lögum og lögsögu.
- c) Númer sem úthlutað er úr íslenska númeraskipulaginu skulu standa íslenskum notendum til boða á Íslandi.

Þrátt fyrir framangreint getur Fjarskiptastofa úthlutað einstökum númerum eða númeraröðum til notkunar yfir landamæri (e. cross-border) og fer slík úthlutun eftir viðmiðunum og reglum sem BEREC gefur út.

Í sérstökum tilfellum geta aðrir en fjarskiptafyrirtæki óskað eftir úthlutun númera en Fjarskiptastofa áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um hvort rétt sé að verða við slíkum óskum í samræmi við alþjóðlegar reglur og viðmiðanir sem geta átt við. Notkun slíkra númera skal einungis vera til eigin afnota umsækjanda.

7. gr.

Úthlutun og skipulag númera í almennri talsímaþjónustu, samneti og farsíma.

Umsóknir um númer og númeraraðir skulu að jafnaði afgreiddar í sömu röð og þær berast Fjarskiptastofu.

Fjarskiptafyrirtæki skulu greiða gjald fyrir úthlutað númer og raðir, skv. 21. gr. laga nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu. Nánar er kveðið á um gjaldskyldu í úthlutunarbréfi.

Röðun númera fyrir mismunandi þjónustu skal vera sem hér segir:

1. Númerið 00 má eingöngu nota sem útlandaforskeyti.
2. Númerið 112 má eingöngu nota sem neyðarnúmer og tryggt skal að svörun í númerið sé skjót og skilvirk.
3. Númeraröð sem byrjar á 116 skal aðeins nota fyrir gjaldfrjálsa þjónustu í félagslegum tilgangi. Til dæmis ýmsa upplýsingaþjónustu, aðstoð eða tilkynningarsíma fyrir almenning. Þó er ekki heimilt að úthluta eða nota númerið 116-112 í neinum tilgangi. Þá skal númerið 116-000 sérstaklega frátekið sem tilkynningarnúmer fyrir týnd börn.

4. Ekki verður um frekari úthlutanir á þriggja stafa stuttnúmerum að ræða.
5. Fjarskiptafyrirtækjum, sem bjóða upp á forval, eða fast forval, skal úthlutað fjögurra stafa forskeytum. Fyrir þessa þjónustu er notuð röðin 10xx og númerið 1100.
6. Fjögurra stafa númer sem byrja á 14 eru til úthlutunar fyrir fjarskiptafyrirtæki sem þjónustunúmer í þeim tilgangi að veita upplýsingar tengdar þeirri fjarskiptaþjónustu sem veitt er. Fjarskiptafyrirtæki geta sótt um fjögurra stafa númer sem byrja á 14 til úthlutunar til áskrifenda sinna sem reka almennar upplýsingaveitur, sbr. skilgreiningu í 3. gr. Númerum úr þessari röð er hvorki úthlutað til aðila sem hyggjast eingöngu veita upplýsingar um eigin vöru eða þjónustu né til sölu eða móttöku pantana á vöru eða þjónustu.
7. Fjögurra stafa númer sem byrja á 17 eru til úthlutunar til opinberra aðila/stofnana sem veita þjónustu er varðar almannaheill, s.s. læknisþjónustu, veðurupplýsingar og færð á vegum. Sama rétt hafa aðilar sem gert hafa samning við opinbera aðila um að sinna þjónustunni.
8. Fjögurra stafa númer sem byrja á 18 eru til úthlutunar fyrir fjarskiptafyrirtæki sem þjónustunúmer í þeim tilgangi að veita símaskrárupplýsingar, sbr. grunnupplýsingar í númera- og vistfangaskrá, og tengda þjónustu.
9. Númer sem byrja á 4 og 5 skal úthlutað til notkunar í almennri talsímaþjónustu (PSTN og ISDN).
10. Númeraröð sem byrjar á 49x xxxx er skilgreind sem flökkunúmeraröð til markaðssetningar fyrir flökkupjónustu, þ.e. netsímaþjónusta sem flytja má milli nettengipunkta. Við úthlutun slíkra númera, sbr. 2. mgr. 20. gr. fjarskiptalaga, verður gerður fyrirvari um að ekki sé heimilt að flytja númerin í aðra þjónustu. Flökkunúmer má einungis nota í fjarskiptaþjónustu á Íslandi, sbr. yfirlýsingu Fjarskiptastofu um netsímaþjónustu frá 3. febrúar 2006.
11. Fjögurra stafa stuttnúmer sem byrja á 1900 til 1919 eru til ráðstöfunar fyrir SMS þjónustu. Beiðni um nýja þjónustu sem þarfnast sérstaks númers skal senda til Fjarskiptastofu sem tekur ákvörðun um hvar í númeraskipulaginu hún skal vera. Fjarskiptastofa birtir lista á heimasíðu stofnunarinnar yfir úthlutaðar númeraraðir og stuttnúmer sem hefur verið úthlutað í samræmi við framangreint.
12. Almenn símanúmer skulu vera 7 stafa í röðunum 20-99 að undanskilinni röð 3 sem er 9 stafa.
13. Þegar ekki á að gjaldfæra A-notanda fyrir símtali skal nota 7-stafa númer sem byrja á 800.
14. Númer sem byrja á 901-905 skal nota fyrir símatorgsþjónustu með yfirgjaldi.
15. Númer sem byrja á 907-908 skal nota fyrir þjónustu með yfirgjaldi sem krefst mannlegrar íhlutunar við svörun.
16. Númer sem byrjar á 75 og nota greindarnet skal nota fyrir fundarþjónustu.
17. Almenningssjálfisölum, sem tekið er yfirgjald fyrir að hringja í, skal gefið 7 stafa númer sem byrjar á 909.
18. Númer sem byrja á 3, skulu vera 9 stafa löng. Númerum sem byrja á 35 X XXX XXX skal úthlutað til notkunar fyrir tæki-í-tæki (TÍT) þjónustur (e. M2M) vegna tækja sem í eru ætluð símakort (SIM) frá fjarskiptafyrirtækjum sem skráð eru á Íslandi. Númer fyrir slíka þjónustu skulu ávallt tengjast símakorti (SIM). Óheimilt að nota númer sem byrja á 3 í virðisaukandi þjónustu,.
19. Númer sem byrja á 6, 7 og 8 skal úthlutað til notkunar í almennri farsímaþjónustu. Óheimilt er að nota slík númer í virðisaukandi þjónustu.

20. Öll 7 og 9 stafa númer sem eru sérstaklega ætluð til notkunar fyrir símkerfin (kerfis-númer) en ekki fyrir almenna notendur, skulu, eins og önnur símanúmer, skráð hjá Fjarskiptastofu og er notkun þeirra háð samþykki stofn-unar-innar.

Yfirgjaldsþjónustu má aðeins veita í númerum sem eru sérstaklega skilgreind sem slík í númeraskipulagi Fjarskiptastofu. Nánar skal kveðið á um yfirgjaldsþjónustu í sérstakri reglugerð.

8. gr.

Númera- og vistfangaskipulag fyrir gagnaflytninguþjónustu.

Gagnaflytningarnet sem taka mið af ITU tilmælum X.121 skulu nota gagnanetfangskóða eða DNIC (Data Network Identification Code) innan þess sviðs sem ITU hefur úthlutað Íslandi.

Gagnaflytningarnet sem falla undir vistfangaskipulag í samræmi við ITU tilmæli X.400/F.401 skulu nota ADMD (Administration Management Domain) vistföng í samræmi við tilmælin.

Fjarskiptastofa heldur skrá yfir netföng (DNIC) og vistföng (ADMD) sem fjarskiptafyrirtækjum hefur verið úthlutað.

9. gr.

Númer fyrir skip.

Fjarskiptastofa úthlutar skipum og bátum númerum fyrir skipa- og bátastöðvar í sjófarstöðvaþjónustu (Maritime Mobile Service Identities, MMSI). Númerin skulu valin í samræmi við tilmæli ITU E.210. Stofnunin úthlutar einnig notendanúmerum fyrir Inmarsat-þjónustu (Inmarsat Mobile Number, IMN) í samræmi við tilmæli ITU E.215.

10. gr.

Kerfisnúmer og vistföng í fjarskiptanetum.

Samtenging fjarskiptaneta á grundvelli tilmæla ITU og staðla ETSI skal gerð með notkun númera og vistfangaaðferða sem ITU og ETSI hafa skilgreint. Fjarskiptastofa annast úthlutun og skráningu á eftirfarandi kóðum:

ISPC (International Signalling Point Code) samkvæmt ITU tilmælum Q.708.

NSPC (National Signalling Point Code) samkvæmt ITU tilmælum Q.708.

MNC (Mobile Network Code) sem er hluti af IMSI (International Mobile Subscriber Identity) samkvæmt ITU tilmælum E.212 og ETSI stöðlum ETS 300 523, 2. útgáfa.

IIN (Issuer Identification Number) samkvæmt tilmælum E.118.

TMNC (TETRA Mobile Network Code) sem er hluti af ITSI (International TETRA Subscriber Identities) samkvæmt ETSI staðli ETS 300 392-1.

Upplýsingar um þessa kóða má fá hjá Fjarskiptastofu.

Ef notkun úthlutaðra kóða og vistfanga í fjarskiptanetum er hætt, skal tilkynna það Fjarskiptastofu innan mánaðar.

IV. KAFLI

Skilyrði um notkun og breytingar á skipulagi eða notkun.

11. gr.

Skilyrði um framsal og notkun númera.

Réttindi til þess að nota númer og númeraraðir eru bundin við nafn en framsal heimilt að nánar uppfylltum skilyrðum. Þetta á þó ekki við í þeim tilfellum þegar um er að ræða einstaka áskrifendur sem flytja símanúmer milli fjarskiptafyrirtækja, sbr. 76. gr. laga um fjarskipti og reglur nr.1112/2022, um númera- og þjónustuf lutning í almennum fjarskiptanetum.

Vísað er til skilyrða í VI. kafla. fjarskiptalaga. Á grundvelli ákvæða hans gilda jafnframt eftirfarandi skilyrði um notkun númera.

Heimilt er að framselja númer úr íslenska númeraskipulaginu til þriðja aðila, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) Að viðtakandi númera sé skráð fjarskiptafyrirtæki hér á landi og reki eða hafi aðgang að símsstöð á Íslandi.
- b) Að viðtakandi númera hafi burði til að uppfylla skilyrði sem sett hafa verið við upphaflega úthlutun þeirra.
- c) Að nýtingarstuðull númera af hálfu viðtakanda fari ekki niður fyrir 25% af framseldum númerum.

Framseljandi númera skal tilkynna til Fjarskiptastofu um fyrirhugað framsal og staðfesta að viðtakandi uppfylli framangreind skilyrði fyrir framsali númeranna.

Fjarskiptafyrirtæki er ábyrgt fyrir rétttri notkun númera þ.m.t. að númer séu ekki notuð í öðrum tilgangi en viðkomandi númeraröð hefur verið úthlutað til. Verði þeirri notkun hætt eða hún verður önnur en reglur þessar gera ráð fyrir getur Fjarskiptastofa afturkallað úthlutun eða ógilt framsal númera.

Fjarskiptafyrirtæki sem hættir starfsemi ber að skila ónotuðum númeraröðum aftur til Fjarskiptastofu innan mánaðar frá því starfsemi hættir. Í samstarfi við önnur fjarskiptafyrirtæki gerir Fjarskiptastofa ráðstafanir til að tryggja áframhaldandi þjónustu númera sem eru í notkun.

Auk ofangreindra skilyrða getur Fjarskiptastofa sett frekari skilyrði um notkun til að tryggja rekstraröryggi neta, tryggingu um samstæði neta og samhæfni mismunandi þjónustu.

12. gr.

Breytingar á númeraskipulagi og afturköllun kóða, númera, númeraraða og vistfanga.

Breytingar á skipulagi, sem fela í sér að hópar notenda verða að breyta um númer, skal stofnunin kynna með 2ja ára fyrirvara. Fjarskiptastofa bætir ekki notendum eða fjarskiptafyrirtækjum kostnað eða annað fjárhagslegt tjón sem af því hlýst.

Verði notkun númera eða númeraraða ekki í samræmi við lög nr. 70/2022 um fjarskipti, lög nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu, skilyrði almennrar heimildar, reglur þessar eða sérstök skilyrði hlutaðeigandi úthlutunar getur Fjarskiptastofa krafist þess að fjarskiptafyrirtæki skili númerum eða númeraröðum aftur inn til stofnunarinnar. Ef afturköllun númera samkvæmt þessari grein hefur áhrif á notendur númera mun Fjarskiptastofa gefa þeim notendum færi á númeraflutningi til annars fjarskiptafyrirtækis.

Fjarskiptastofa getur jafnframt afturkallað úthlutun að fullu eða hluta til, ef fjarskiptafyrirtæki hefur ofmetið þörf sína eða ef númer eða númeraröð hefur ekki verið tekin í notkun innan tiltekins tíma.

Afturköllun á úthlutuðum stuttnúmerum skal tilkynnt viðkomandi aðila með a.m.k. 6. mánaða fyrirvara.

13. gr.

Skil á númerum og númeraröðum.

Eingöngu er hægt að skila inn númerum til Fjarskiptastofu í heilum 1000 númera blokkum.

V. KAFLI

Upplýsingaskylda, öryggisráðstafanir og bann við misnotkun.

14. gr.

Upplýsingaskylda.

Í samræmi við 15. gr. laga um Fjarskiptastofu, getur stofnunin, eftir því sem þurfa þykir, gert þá kröfu að fjarskiptafyrirtæki sem fengið hefur úthlutað númerum geri stofnuninni grein fyrir notkun númera í skýrsluformi með stuðningi nauðsynlegra gagna. Getur skýrslugjöf þessi m.a. falið í sér eftirfarandi:

- a) Skiptingu númera eftir þjónustu sem veitt er í númerunum.
- b) Hlutfall virkra númera í notkun.
- c) Hlutfall númera sem eru frátekin en ekki í virkri notkun.
- d) Hlutfall lausra númera hjá rétthafa.

e) Áætlaða nýtingu úthlutaðra númera næstu þrjú ár.

15. gr.

*Skilyrði til að tryggja öryggi fjarskipta eða
rannsóknahagsmuni á meintum lögbrotum.*

Fjarskiptastofa getur fyrirskipað stöðvun alþjóðlegrar fjarskiptaumferðar, almennt eða að hluta til í tengslum við ákveðin númer þegar slík takmörkun er talin nauðsynleg, viðeigandi og hlutfallsleg ráðstöfun í lýðræðisþjóðfélagi til að tryggja öryggi fjarskipta landsins og til að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um og ákæra fyrir lögbrot eða fyrir óleyfilega notkun á númerum og rafræna fjarskiptakerfinu.

Skulu slíkar aðgerðir skilyrðislaust tilkynntar fjarskiptayfirvöldum meðlimaríkja ITU, sbr. 35. gr. stjórnarskrár ITU og tilmæli ECC (The Electronic Communications Committee) frá 13. mars 2006 nr. ECC/REC/(05)09.

16. gr.

Óheimil notkun.

Óheimilt er að nota númer í þeim tilgangi að afla fjárhagslegs ávinnings ef engin raunveruleg fjarskiptaþjónusta við almenna notendur er þar að baki.

Óheimilt er að tengja símanúmer við sjálfvirkar hringivélar við upphaf eða lúkningu á símtölum, nema í eftirfarandi tilvikum:

- a) Að uppfylltum skilyrðum um samþykki skv. 94. gr. laga um fjarskipti.
- b) Þegar um er að ræða notkun tengda neyðar- eða björgunarstarfsemi.
- c) Þegar um gjaldfrjálsa svörun er að ræða.

Komi upp rökstuddur grunur um að númer sé misnotað í sviksamlegum tilgangi getur Fjarskiptastofa gefið fjarskiptafyrirtæki hér á landi fyrirmæli um að loka fyrir aðgang að slíku númeri og samtengiumferð þess ásamt því að krefja fjarskiptafyrirtækið um að halda eftir tekjum og/eða samtengigjöldum af slíkri ólögmætri þjónustu og annarri þjónustu sem henni tengist. Það sama á við aðra umferð sem beint er að númerum innan íslenska númerakerfisins.

Verði fjarskiptafyrirtæki uppvíst að óleyfilegri notkun númera eða annarri óleyfilegri notkun á rafræna fjarskiptakerfinu getur Fjarskiptastofa afturkallað réttindi fyrirtækisins tímabundið eða varanlega í samræmi við ákvæði 101. gr. laga um fjarskipti.

17. gr.

Heimild og gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 70/2022, um fjarskipti, og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 590/2015, um skipulag,

úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga frá 19. júní 2015, ásamt síðari breytingum.

Fjarskiptastofa, X. mánuður 2023